

1872.
25. maí. breyta úrskurði amtsins, en að öðru leyti er það hlutaðeigendum heimilt, ef þeim finnst ástæða til þess, að leita um þetta mál dóms og laga.

24. maí. **61. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til biskupsins yfir Íslandi, um prestvígslu stúdents.**

Með bréfi, dagsettu 6. p. m., hafið þér, háæruverðugi herra, sent hingað bænarskrá, þar sem stúdent á prestaskólanum, Björn Stefánsson, sækir um leyfi til að sækja um Sandfells prestakall í Austur-Skaptafellssýslu, sem er laust, nú á þessu sumri, og mega vígjast til prests, án þess að hafa gengið undir burtfararpróf við prestaskólann.

Útaf þessu gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar og til þess þér hirtið það, að þetta, sem sókt er um, getur eigi orðið veitt.

ast af báðum hreppunum o. s. frv.”, ráða úrslitum þessa máls, því þó hinn hér umræddi ómagi Jósefina reyndar hafi verið utan Hrafnagilshrepps, þegar hún var sögd til sveitar, þar sem hún þá var á Jódísarstöðum (í Öngulstaðahrepp), þá ber þess að gæta, að börn allt að 16. aldurs ári fylgja foreldrunum og eiga hrepp þar sem þeir eiga hrepp, án nokkurs tillits til þess, hvort þau dvelja í sama hreppi og foreldrarnir eður ekki.

Samkvæmt þegar tilgreindu úrskurdast hér með, að Jósefina Guðrún Kristjánsdóttir eigi að öllu leyti framferi í Hrafnagilshreppi.